

Fréttatilkynning

30. ágúst 2010



Árshlutareikningur HS Orku hf 1. janúar til 30. júní 2010

Tap tímabilsins nam um 2,4 milljörðum en eiginfjárlutfall hækkar í 34,5% en var 33,5% í árslok 2009.

Reykjanesbæ 30. ágúst 2010 – Árshlutareikningur HS Orku hf var samþykktur af stjórn félagsins á stjórnarfundi félagsins sem haldinn var í síðdegis.

Tap félagsins nam 2,4 milljörðum samanborið við hagnað að upphæð 184 milljónum fyrir sama tímabil 2009. Þegar tekið hefur verið tillit til tekna og gjalda færðra á eigið fé er afkoman í heild neikvæð um 2,5 milljarða samanborið við hagnað að upphæð 612 milljónir fyrir sama tímabil 2009. Lækkun milli tímabila stafar í meginatriðum af lækkun á álafleiðum (fram tíðarvirði raforkusölusamninga) að fjárhæð 4,1 milljarði en hækkun var að upphæð 814 milljónum fyrir sama tímabil 2009 og breytingum á þýðingarmun dótturfélaga en nú er um gjaldfærslu að upphæð 68 milljónum en var um tekjufærslu að upphæð 428 milljónum fyrir sama tímabil 2009. Á móti þessum lækkunum kemur gengishagnaður að upphæð 597 milljónum en gengistap var að upphæð 947 milljónum fyrir sama tímabil 2009.

Samkvæmt árshlutareikningi námu heildartekjur HS Orku hf á tímabilinu tæpum 3,5 milljörðum samanborið við 2,9 milljarða fyrir sama tímabil í fyrra. Þessa tekjuaukningu má í meginatriðum rekja til herra meðalálverðs samanborið við sama tímabil frá 2009.

“Þrátt fyrir áframhaldandi erfiða stöðu íslensks efnahagálífs hefur HS Orku hf tekist að halda sterkum rekstri en hagnaður fyrir fjármagnsliði er 950 milljónir á móti 556 milljónum fyrir sama tímabil 2009,” segir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku hf. “Meginástæðan tapsins er lækkun á álafleiðu að upphæð 4,1 milljarði en sterkara gengi íslensku krónunnar heldur þar lítillaga á móti og er mikilvægt að sú þróun haldi áfram”.

Framleiðslu- og sölukostnaður nam 2,4 milljörðum samanborið við 2,1 milljarð fyrir sama tímabil 2009. Aukning skapast vegna aukins kostnaðar við framleiðslu og sölu orkunnar. Önnur rekstrargjöld námu 233 milljónum samanborið við 187 milljónir fyrir sama tímabil 2009. Aukning annarra rekstrargjalda stafar aðallega af sérstakri afskrift rekstrareigna að upphæð 73 milljónir.

Yfirlit yfir afkomu og efnahagsreikning félagsins fyrir janúar til júní 2010 ásamt samanburðar tímabilum, tölur eru í þúsundum króna:

Income Statement	Jan-Jun 2010	Jan-Jun 2009	2009	2008
Operating revenue	3.543.867	2.856.538	6.225.965	5.424.774
Cost of production and sales	(2.360.608)	(2.112.596)	(4.418.975)	(3.066.017)
Gross profit	1.183.259	743.942	1.806.990	2.358.757
Other operating income	0	0	783.516	0
Other operating expenses	(233.081)	(187.263)	(499.044)	(376.456)
Result from operating activities	950.178	556.679	2.091.462	1.982.301
Net finance income and expenses	(3.651.027)	(348.502)	5.476.243	(15.516.242)
Share of profit (loss) of associates	(163.404)	7.051	227.381	(264.308)
Profit (loss) before income tax	(2.864.253)	215.228	7.795.086	(13.798.249)
Income tax	468.069	(31.247)	(997.380)	1.954.744
Profit (loss) from continuing operation	(2.396.184)	183.981	6.797.706	(11.843.505)
Profit from discontinued operation	0	0	0	161.886
Profit (loss) for the year	(2.396.184)	183.981	6.797.706	(11.681.619)
Other comprehensive income	(67.583)	427.584	1.356.837	6.937.400
Total comprehensive income (loss) for the	(2.463.767)	611.565	8.154.543	(4.744.219)
Balance Sheet	30.6.2010	30.6.2009	31.12.2009	31.12.2008
Non-current assets	35.714.423	34.772.313	40.069.684	33.590.620
Current assets	4.572.444	943.087	1.999.757	2.888.366
Total assets	40.286.867	35.715.400	42.069.441	36.478.986
Equity	13.895.984	6.545.816	14.088.794	5.934.251
Long term liabilities	22.463.121	23.377.264	22.588.451	23.201.594
Short term liabilities	3.927.762	5.792.320	5.392.196	7.343.141
Total equity and liabilities	40.286.867	35.715.400	42.069.441	36.478.986
Key ratio				
Current ratio	1,16	0,16	0,37	0,39
Equity ratio	34,5%	18,3%	33,5%	16,3%

Frekari upplýsingar gefur:

Júlíus Jónsson, forstjóri, sími 422 5200 eða 860 5208

Um HS Orku hf

HS Orka er stærsta orkufyrirtæki landsins í eigu einkaaðila. Uppsett afl til raforkuframleiðslu er 175 megavött frá virkjunum á Reykjanesi og í Svartsengi þar sem einnig er uppsett afl til 150 megavatta varmaframleiðslu. Stór hluti raforkuframleiðslunnar er seldur í USD til stórnotenda samkvæmt langtímasamningum. HS Orka hf áætla að auka raforkuframleiðslu á Reykjanesi um 80 megavött og vinnur að rannsóknum á öðrum svæðum með það markmið að auka þar raforkuframleiðslu um u.þ.b. 150 megavött.